

# Vestmannaeyjabær

---

Ársreikningur

---

2011



Vestmannaeyjabær  
Ráðhúsinu  
900 Vestmannaeyjum  
kt. 620269-0159

---

# Vestmannaeyjabær

---

Ársreikningur

---

2011

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-26

---

# Aritun óháðra endurskoðenda

---

## Til Bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfssemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vestmannaeyjabæjar á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Vestmannaeyjar, 26. apríl 2012.

**Deloitte ehf.**

Jónas Gestur Jónasson  
endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson  
endurskoðandi

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

---

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar velferðarráðuneyti um reikningsskil sveitarfélaga

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.022,7 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.015,0 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 3.059,8 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.197,5 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,42% vegna íbúðahúsnæðis og 1,55% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 524,8 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 103,6 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 430,9 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 101,5 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 4,6 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 4,8 milljörðum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.665 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 286 stöðugildi í árslok.

Íbúafjöldi í Vestmannaeyjabæ 1. desember 2011 var 4.194 og var fjölgun um 61 einstaklinga frá fyrra ári.

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Vestmannaeyjar, 26. apríl 2012

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar staðfestir hér með ársreikning Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 26. apríl 2012

**Bæjarstjórn**

# Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr	Sveitarsjóður			A og B hluti		
		2011	Áætlun	2010	2011	Áætlun	2010
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs .....	3	2.037.476	1.490.000	1.718.371	2.037.476	1.490.000	1.718.371
Framlög úr jöfnunarsjóði .....	3	370.493	257.200	276.429	370.493	257.200	276.429
Þjónustutekjur .....		345.573	293.725	352.817	1.189.553	989.706	1.140.556
Endurgreiðslur .....		29.974	117.353	115.465	63.091	141.574	164.487
Hagnaður af sölu eigna .....		25.966	0	25.352	41.460	0	59.701
Aðrar tekjur .....		250.369	39.257	25.397	320.694	136.528	72.102
<b>Tekjur</b>		<b>3.059.852</b>	<b>2.197.535</b>	<b>2.513.832</b>	<b>4.022.766</b>	<b>3.015.008</b>	<b>3.431.646</b>
Skattar og önnur opinber gjöld .....	3	(31.765)	(29.971)	(28.341)	(44.868)	(44.940)	(41.028)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(1.323.403)	(1.257.610)	(1.257.105)	(1.665.548)	(1.583.986)	(1.582.454)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	4	(171.179)	(90.000)	(30.539)	(178.344)	(100.000)	(27.087)
Húsaleiga .....		(201.046)	(189.494)	(2.159)	(201.091)	(189.591)	(2.202)
Annar rekstrarkostnaður .....		(744.457)	(690.155)	(636.842)	(1.056.659)	(947.237)	(883.955)
Afskriftir fastafjármuna .....	8	(98.863)	(52.079)	(85.921)	(191.042)	(167.017)	(186.169)
Styrkir og framlög .....		(209.109)	(141.792)	(138.152)	(210.131)	(142.244)	(139.360)
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>280.029</b>	<b>(253.566)</b>	<b>334.773</b>	<b>475.083</b>	<b>(160.007)</b>	<b>569.392</b>
Fjármunatekjur .....	5	408.684	444.755	677.296	349.917	445.319	619.612
Fjármagnsgjöld .....	6	(257.778)	(89.650)	(150.605)	(300.144)	(181.725)	(183.384)
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<b>430.935</b>	<b>101.539</b>	<b>861.465</b>	<b>524.856</b>	<b>103.587</b>	<b>1.005.620</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eignir</b>					
<b>Fastafjármunir</b>					
Lóðir og lendur .....	8	585.552	529.869	585.552	529.869
Fasteignir .....	8	1.699.153	1.648.224	2.119.131	2.089.528
Leigðar eignir .....	8	1.029.432	1.077.193	1.029.432	1.077.193
Veitukerfi .....	8	0	0	820.187	791.588
Hafnarmannvirki .....	8	0	0	1.073.362	990.706
Áhöld og tæki .....	8	68.924	74.373	125.840	124.125
Eignarhlutir í félögum .....	9	802.657	802.657	802.857	802.857
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B .....		181.744	193.860	0	0
Aðrar langtímakröfur .....		0	174	4.286	4.247
		<u>4.367.461</u>	<u>4.326.350</u>	<u>6.560.646</u>	<u>6.410.114</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....		409	4.935	19.367	24.416
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	10	239.563	191.391	281.814	224.447
Aðrar skammtímakröfur .....	10	84.964	97.030	96.085	116.247
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....		1.204.265	1.151.445	0	0
Handbært fé .....	10	3.836.031	3.425.397	3.836.031	3.425.397
		<u>5.365.232</u>	<u>4.870.198</u>	<u>4.233.296</u>	<u>3.790.507</u>
<b>Eignir</b>		<u>9.732.693</u>	<u>9.196.547</u>	<u>10.793.943</u>	<u>10.200.620</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2011	31.12.2010	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	11	4.751.454	4.264.836	4.604.871	4.024.332
		<u>4.751.454</u>	<u>4.264.836</u>	<u>4.604.871</u>	<u>4.024.332</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	12	2.249.289	2.168.914	2.438.889	2.355.914
Langtímalán .....	13	472.933	511.418	910.881	984.737
Fyrirframinnheimt leiga .....	14	0	0	496.000	512.000
Leiguskuldir .....	16	1.910.539	1.906.273	1.910.539	1.906.273
Aðrar skuldbindingar .....		0	0	7.443	7.073
		<u>4.632.761</u>	<u>4.586.605</u>	<u>5.763.752</u>	<u>5.765.997</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....	15	208.844	174.096	208.844	174.096
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	63.477	61.915	116.634	121.339
Næsta árs afborganir fyrirframinnh.leiga .....	15	0	0	16.000	16.000
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	16	69.789	61.038	69.789	61.038
Skuldir við eigin fyrirtæki B .....		0	13.142	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	6.367	34.915	14.052	37.818
		<u>348.477</u>	<u>345.106</u>	<u>425.319</u>	<u>410.291</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>4.981.239</u>	<u>4.931.711</u>	<u>6.189.072</u>	<u>6.176.288</u>
<b>Eigið fé, skuldir og skuldbindingar</b>		<u><u>9.732.693</u></u>	<u><u>9.196.547</u></u>	<u><u>10.793.943</u></u>	<u><u>10.200.620</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
	2011	Áætlun	2010	2011	Áætlun	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarafkoma ársins .....	430.935	101.539	861.465	524.856	103.587	1.005.620
Afskriftir .....	8 98.863	52.079	85.921	191.042	167.017	186.169
Söluhagnaður fastafjármuna .....	0	0	(129)	(13.020)	0	(34.145)
Niðurfærsla hlutabréfa .....	9 0	0	4.141	0	0	4.141
Endurgreiðslur og verðbætur búseturéttargjalds .....	0	0	0	370	0	(20.695)
Breytingar á fyrirfram innheimtri leigu .....	14 0	0	0	(16.000)	0	(16.000)
Breyting á niðurfærslu viðskiptapakrafna .....	0	0	0	454	0	2.500
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	12 80.375	90.000	(38.124)	82.975	130.000	(46.024)
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .....	108.488	64.434	(178.255)	133.159	171.840	(162.992)
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>718.661</b>	<b>308.052</b>	<b>735.019</b>	<b>903.836</b>	<b>572.444</b>	<b>918.574</b>
Vörubirgðir, breyting .....	0	0	(1.619)	5.050	0	(7.296)
Aðrar rekstrartengdar eignir lækkun .....	10 (31.581)	0	(51.306)	(37.660)	0	(51.623)
Rekstrartengdar skuldir hækkan .....	15 6.201	0	(30.056)	10.983	0	(36.317)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>693.281</b>	<b>308.052</b>	<b>652.038</b>	<b>882.209</b>	<b>572.444</b>	<b>823.337</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Breyting á skuldabréfaeign .....	174	0	41.516	(39)	0	41.413
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8 (96.582)	(259.500)	(475.357)	(289.479)	(464.500)	(742.221)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	0	0	515	16.646	0	68.820
Keypt fjárfestingaverðbréf .....	0	0	(100.000)	0	0	(100.000)
	<b>(96.408)</b>	<b>(259.500)</b>	<b>(533.326)</b>	<b>(272.873)</b>	<b>(464.500)</b>	<b>(731.988)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Afborganir langtímaskulda .....	(65.389)	(61.881)	(61.174)	(131.698)	(121.273)	(205.775)
Afborganir leiguskulda .....	(67.006)	0	(45.730)	(67.006)	0	(45.730)
Viðskiptastaða við Aðalsjóð, breyting .....	(53.845)	0	(171.965)	0	0	0
	<b>(186.240)</b>	<b>(61.881)</b>	<b>(278.868)</b>	<b>(198.703)</b>	<b>(121.273)</b>	<b>(251.505)</b>
Hækkan handbærs fjárs .....	410.633	(13.329)	(160.156)	410.633	(13.329)	(160.156)
Handbært fé í upphafi árs .....	3.425.397	3.585.553	3.585.553	3.425.397	3.585.553	3.585.553
Handbært fé í lok árs .....	<b>3.836.031</b>	<b>3.572.224</b>	<b>3.425.397</b>	<b>3.836.031</b>	<b>3.572.224</b>	<b>3.425.397</b>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð, þjónustumiðstöð, malbikunarstöð og grjótnám.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hraunbúðir, Sorpeyðingarstöð, Náttúrustofa Suðurlands, Vatnsveita og Kertaverksmiðjan Heimaey.

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Þjónustustöðvar, Grjótnáms og Malbikunarstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Fráveitu, Hafnarsjóð, Sorpeyðingarstöðvar Vestmannaeyja, Náttúrustofu Suðurlands, Hraunbúða, Vatnsveitu, Kertaverksmiðju og Félagslegra íbúða. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning. Engin erlend lán eru hjá Vestmannaeyjabæ en erlendir gjaldmiðlar koma inn vegna leiguskuldbindingar sem er 55% í EUR.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2011	2010	31.12.2011	31.12.2010
Evra (EUR) .....	161,42	161,89	158,84	153,80

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 1/2010 Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélag skal færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þeirra þegar samningur var gerður.

Álit 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirdis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 90 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 8 ár

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspeglar framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2011	Fjárhags- áætlun 2011	2011	Fjárhags- áætlun 2011
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs</b>				
Útsvör.....	1.859.074	1.290.000	1.859.074	1.290.000
Fasteignaskattur.....	178.402	200.000	178.402	200.000
	<u>2.037.476</u>	<u>1.490.000</u>	<u>2.037.476</u>	<u>1.490.000</u>
<b>Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Þjónustuframlag.....	228.301	132.200	228.301	132.200
Framlag vegna fasteignagjalda.....	106.120	85.000	106.120	85.000
Almennt grunnskólaframlag.....	36.072	40.000	36.072	40.000
	<u>370.493</u>	<u>257.200</u>	<u>370.493</u>	<u>257.200</u>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Þjónustutekjur.....	345.573	293.725	1.189.553	989.706
Endurgreiðslur.....	29.974	117.353	63.091	141.574
Hagnaður af sölu eigna.....	25.966	0	41.460	0
Aðrar tekjur.....	250.369	39.257	320.694	136.528
	<u>651.883</u>	<u>450.335</u>	<u>1.614.797</u>	<u>1.267.808</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.059.852</u>	<u>2.197.535</u>	<u>4.022.766</u>	<u>3.015.008</u>
<b>Álagningarhlutföll</b>		2011	2010	
Útsvar.....		14,48%	13,28%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnaði.....		0,42%	0,42%	
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnaði og óbyggt land.....		1,55%	1,55%	

# Skýringar

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2011	Fjárhags- áætlun 2011	2011	Fjárhags- áætlun 2011
Laun og launatengd gjöld.....	1.323.403	1.257.610	1.665.548	1.583.986
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	171.179	90.000	178.344	100.000
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.494.582	1.347.610	1.843.892	1.683.986
	2011	2010	2009	2008
Stöðugildi í árslok.....	286	286	294	313

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 29,9 milljónum króna 2011.

## 5. Fjármunatekjur

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2011	Fjárhags- áætlun 2011	2011	Fjárhags- áætlun 2011
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	344.600	330.000	344.600	330.000
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign .....	9.695	39.522	530	39.522
Innheimtukuröfur .....	2.320	2.000	2.759	2.564
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	52.070	62.000	2.028	62.000
	408.684	444.755	349.917	445.319

## 6. Fjármagnsgjöld

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2011	Fjárhags- áætlun 2011	2011	Fjárhags- áætlun 2011
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	2.476	16.500	665	65.500
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	143.561	55.959	161.220	83.021
Gengismunur vegna leiguskuldbindingar .....	80.023	0	80.023	0
Verðbætur .....	28.173	17.191	54.670	33.204
Önnur vaxtagjöld .....	3.545	0	3.566	0
	257.778	89.650	300.144	181.725

# Skýringar

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun	Hlutfall af heildar tekjum
Skatttekjur.....	0	2.443.729	2.443.729	1.747.200	79,9%
Félagsþjónusta.....	272.937	22.913	(250.024)	(148.441)	-8,2%
Heilbrigðismál.....	2.736	0	(2.736)	(3.000)	-0,1%
Fræðslu- og uppeldismál.....	1.124.766	102.970	(1.021.796)	(945.387)	-33,4%
Meningarmál.....	115.810	9.565	(106.245)	(114.009)	-3,5%
Æskulýðs- og íþróttamál.....	422.246	129.058	(293.188)	(255.057)	-9,6%
Brunamál og almannavarnir.....	34.510	1.418	(33.092)	(33.885)	-1,1%
Hreinlætismál.....	62.805	33.459	(29.345)	(21.197)	-1,0%
Skipulags- og byggingarmál.....	50.387	5.522	(44.865)	(41.489)	-1,5%
Umferðar- og samgöngumál.....	136.000	10.702	(125.298)	(99.410)	-4,1%
Umhverfismál.....	36.256	127	(36.129)	(33.760)	-1,2%
Atvinnumál.....	57.504	4.815	(52.690)	(29.362)	-1,7%
Sameiginlegur kostnaður.....	173.085	22.532	(150.552)	(171.098)	-4,9%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	171.179	0	(171.179)	(90.000)	-5,6%
Óvenjulegir liðir.....	(594)	0	594	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.....	61.356	474.673	413.317	397.934	13,5%
Aðalsjóður samtals.....	2.720.983	3.261.483	540.499	159.039	0
<b>A-hluta stofnanir:</b>					
Eignasjóður.....	408.253	336.361	(71.892)	(2.456)	
Þjónustumiðstöð.....	89.394	51.721	(37.672)	(55.044)	
Grjótnám og Malbikunarstöð.....	20.716	20.716	0	0	
Innri færslur Sveitarsjóðs.....	(201.745)	(201.745)	0	0	
Sveitarsjóður samtals.....	3.037.601	3.468.536	430.935	101.539	
	<b>Gjöld</b>	<b>Tekjur</b>	<b>Mismunur</b>	<b>Fjárhags- áætlun</b>	
<b>B-hluta stofnanir:</b>					
Hafnarsjóður.....	262.954	440.797	177.843	42.715	
Félagslegar íbúðir.....	94.570	45.831	(48.739)	(56.664)	
Fráveita.....	29.857	63.188	33.331	32.250	
Hraunbúðir.....	294.833	265.731	(29.102)	(11.531)	
Sorpeyðing.....	105.490	77.024	(28.466)	(2.753)	
Náttúrustofa Suðurlands.....	22.126	17.585	(4.542)	(1.929)	
Vatnsveita.....	16.000	16.000	0	0	
Kertaverksmiðja.....	40.433	39.649	(784)	(40)	
Innri færslur samantekinn ársr.....	(61.658)	(61.658)	0	0	
	804.605	904.147	99.542	2.048	
Samantekt samtals.....	3.842.206	4.372.683	530.477	103.587	

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

### Sveitarsjóður

	Fasteignir og byggingarland	Lóðir og lendur	Leigðar eignir	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	1.849.328	529.869	1.124.954	106.387	3.610.538
Endurmat .....	0	55.683	0	0	55.683
Eignfært á árinu .....	94.065	0	0	2.517	96.582
Staða í árslok .....	1.943.392	585.552	1.124.954	108.904	3.762.803

### Afskriftir

Staða í ársbyrjun .....	201.103	0	47.761	32.015	280.879
Afskrift ársins .....	43.136	0	47.761	7.966	98.863
Staða í árslok .....	244.239	0	95.522	39.981	379.742

### Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.648.224	529.869	1.077.193	74.373	3.329.659
Bókfært verð í árslok .....	1.699.153	585.552	1.029.432	68.924	3.383.061

Afskriftarhlutföll .....	2,5%	0%	3,33%	5-10%	
--------------------------	------	----	-------	-------	--

### Samantekinn ársreikningur

	Fasteignir og lóðir, leigðar eignir	Vatnslögn og Veitukerfi	Hafnar-mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	4.153.932	929.042	3.659.540	437.796	9.180.310
Endurmat .....	55.683	0	0	0	55.683
Eignfært á árinu .....	94.065	58.560	126.463	10.392	289.479
Selt og aflagt á árinu .....	(4.343)	0	0	0	(4.343)
Staða í árslok .....	4.299.337	987.602	3.786.003	448.188	9.521.129

### Afskriftir

Staða í ársbyrjun .....	457.342	137.454	2.668.833	313.671	3.577.300
Afskrift ársins .....	108.596	29.962	43.807	8.677	191.042
Selt og aflagt á árinu .....	(717)	0	0	0	(717)
Staða í árslok .....	565.222	167.415	2.712.640	322.348	3.767.626

### Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.696.590	791.588	990.706	124.125	5.603.009
Bókfært verð í árslok .....	3.734.115	820.187	1.073.362	125.840	5.753.503

Afskriftarhlutföll .....	2-4%	2,9-4%	2%	2,5-20%	
--------------------------	------	--------	----	---------	--



# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingamat eigna sveitarfélagsins skiptist þannig:

<b>Sveitarsjóður</b>	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Skólahúsnæði .....	178.880	1.095.025	115.330
